

REGLUR

fyrir Stórverkasjóð STEFs

1. grein

Á vegum STEFs er starfræktur *Stórverkasjóður*.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styðja við stærri verkefni höfunda. Til stærri verkefna telst frumsköpun verka í stóru formi, heildstæð tónlistarverkefni eins og tónsmíðar og textagerð fyrir heila plötu sem og að færa stærri verk eða heildstæða efnisskrá í stærri og viðameiri búning (útsetning).

Sjóðnum er ekki ætlað að styðja við leikhús- eða kvikmyndaverk, nema að tónlistin sé í forgrunni verksins eins og á t.d. við um óperur eða söngleiki.

Við styrkveitingar skal sérstaklega horft til þess að fagþekking fái notið sín og að metnaðarfullri og yfirgrípsmeiri verkefni hafi forgang.

3. grein

Tekjur sjóðsins byggja á framlagi úr *Menningarsjóði STEFs* eins og það er ákveðið af stjórn á hverjum tíma. Sjóðurinn er gegnumstreymissjóður og því heimilt er að úthluta innistæðu hans eins og hún er á hverjum tíma. Óheimilt er að úthluta meira úr sjóðnum á ári hverju en nemur tekjum sjóðsins á hverjum tíma. Miða skal við að úthlutað sé úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári.

4. grein

Stjórn sjóðsins skipa fimm aðilar, þar af fjórir tilnefndir af stjórn STEFs, auk framkvæmdastjóra samtakanna sem stýrir fundum sjóðsstjórnar. Skal *Tónskáldafélag Íslands* koma með tillögu að einum stjórnarmanni og *Félag tónskálda og textahöfunda* gera tillögu að öðrum stjórnarmanni. Æskilegt er að einn stjórnarmaður sé ótengdur aðildarfélögunum.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn haustið 2022 fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 1. janúar 2025.

5. grein

Sjóðsstjórn skal halda tvo reglulega fundi á ári hverju, annars vegar á tímabilinu 15. apríl til 15. maí og hins vegar á tímabilinu 15. september til 15. október, svo og aukafundi ef þörf krefur.

Stjórnarfundir skulu haldnir samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra STEFs eða ef einhver stjórnarmaður fer sérstaklega fram á það. Skal framkvæmdastjóri sjá um að boða til stjórnarfunda með hæfilegum fyrirvara. Stjórnin er ákvörðunarbær ef þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar og ræður afl atkvæða úrslitum í stjórninni.

Fundargerð skal halda um það sem fram fer á stjórnarfundum.

6. grein

Umsóknarfrestur í sjóðinn er til 10. apríl vegna úthlutunar að vori og til 10. september vegna úthlutunar að hausti. Skulu umsóknarfrestir vera auglýstir á þann hátt að sem flestir meðlimir STEFs eigi möguleika á að sækja um í sjóðinn.

7. grein

Höfundar geta sjálfir sótt um styrki sjóðsins en einnig geta flytjendur, þ.m.t. tónlistarhópar af ýmsu tagi eins og kórar og hljómsveitir, sótt um styrki til sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal fylgja umsókninni skrifleg staðfesting viðkomandi höfundar, þess efnis að viðkomandi hafi tekið að sér að semja verk það sem sótt er um styrk fyrir. Ef sótt er um styrk til að færa verk í stærri og viðameiri búning skal einnig fylgja skrifleg staðfesting viðkomandi höfundar á að viðkomandi samþykki slíka breytingu á verki sínu. Sé höfundur ekki á lífi, skal fylgja staðfesting frá réttthafa verksins sé það enn í höfundavernd.

8. grein

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað á eyðublaði skv. fyrirmælum STEFs og skulu fylgja eftirfarandi gögn (auk gagna skv. 7. gr. eigi slíkt við):

- a. Ferilskrá umsækjanda.
- b. Ítarleg verkefnislýsing.
- c. Verk- og tímaáætlun.
- d. Fjárhagsáætlun.

9. grein

Almennt skulu styrkir greiddir út á þann hátt að helmingur styrks er greiddur út þegar umsókn hefur verið samþykkt og helmingur við lok verkefnis.

10. grein

Umsækjendur skulu skila lokaskýrslu við verklok og gera grein fyrir því hvernig styrkurinn var nýttur. Hafi lokaskýrsla ekki borist þegar ár er liðið frá styrkveitingu, getur stjórn sjóðsins krafist umsækjanda um að styrktarfé verði endurgreitt. Skil lokaskýrslu eru forsenda þess að sama umsækjanda geti verið veittur styrkur síðar.

11. grein

Nöfn styrkþega (og höfunda, ef styrkþegi er flytjandi) verða birt opinberlega, þ.m.t. á heimasíðu STEFs.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar STEFs þann 9. nóvember 2022